

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 09.40.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Sveinn Arnarsson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Ingveldur Tryggvadóttir fundarritari
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar og mál til kynningar

1008042

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

Rektor sagði frá því að auglýst var starf forseta fræðasviðs hug- og félagsvísindasviðs og hafa fjórar umsóknir borist. Fór yfir stöðu auglýstra kennarastarfa á hug- og félagsvísindasviði.

Sagði frá tilfærslu starfa á kennslusviði og nýr forstöðumaður kennslusviðs er Steinunn Aðalbjarnardóttir.

Fór yfir skilgreiningu á aðjúnkt, hvort þeir eru akademískir starfsmenn eða ekki.

Lögfræðileg niðurstaða er sú að aðjúnktar eru ekki akademískir starfsmenn og falla undir ráðningarregluna tvö ár. Má ráða þá tímabundið í tvö ár en eftir það verður það ótímabundin ráðning.

Sagði frá samræmingu á ýmsum skyldum/réttindum kennara milli háskólanna, stefnan er að hafa þetta samræmt milli opinberu háskólanna.

Sagði frá að þingmaðurinn Baldur Þórhallsson hefði lagt fram þingsályktunartillögu um sameiningu háskólanna.

Sagði frá að komnar voru 1030 rafrænar umsóknir um skólavist.

Sagði frá nýafstaðinni gæðaráðstefnu sem haldin var við HA undir stjórn Sigrúnar Magnúsdóttur sem heppnaðist mjög vel. Stór ráðstefna verður í lok júní um

norðurslóðasamstarf (ICASS). Önnur norðurslóðaráðstefna verður haldin í Hveragerði í september í samstarfi nokkurra aðila (NRF).

Bjarni Jónasson starfsmannastjóri SA veitir því forystu að fara af stað með miðlæga stefnumótun.

2. Rekstraryfirlit janúar – maí 2011

1102016

Ólafur Halldórsson fór yfir rekstraryfirlit. Rekstur kennsludeilda er 305.882 mkr. eða 44,51% af áætlun, en viðmiðið er 41,66%. Rekstur stoðþjónustu er 219.620 mkr. eða 36,9% af áætlun. Rekstur ýmissa verkefna er 6.472 mkr. og rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 66.650 mkr. Samkvæmt rekstraryfirliti er háskólinn undir áætlun en hafa verður í huga að rekstrartölur eiga eftir að koma inn. Hugsanlegt er að 15 mkr. komi inn frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til að mæta tapi sem skapaðist við gjaldþrot og útskrift RES Orkuskóla. Endurgreiðsla barst frá Póllandi vegna RES og mennta- og menningaráðuneyti fól HA umsjón með greiðslunni.

SMS R.A.
St.
Bjarni Jónasson

Varðandi rekstrarliði þá er rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs umfram áætlun en heilbrigðisvísindasvið skilar afgangi skv. áætlun. Stjórnslásla gæti skilað 5 mkr. í rekstrarafgang en í heildina litið er háskólinn rekinn með tapi. Með miklu aðhaldi og án óvæntra útgjalda er möguleiki á að halda rekstri á áætlun.

Endurskoðun á rekstraráætlun verður síðar í sumar og farið í gerð áætlunar fyrir 2012. Gert er ráð fyrir 2% niðurskurði á næsta ári. Samningur við starfsfólk um launalækkanir ganga til baka um næstu áramót og stefnt er að því að taka aftur upp rannsóknamisseri.

3. Skipun fulltrúa HA í stjórn FÉSTA

1105010

Lögð var fram tillaga um að Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs verði skipuð fulltrúi Háskólans á Akureyri í stjórn Félagsstofnunar stúdentanna á Akureyri til tveggja ára. Varamaður er Úlfar Hauksson. Háskólaráð samþykkti skipunina einróma.

4. Skipun stjórnar Végeirsstaðasjóðs

1105021

Lögð var fram tillaga um endurnýjun á stjórn Végeirsstaðasjóðs til þriggja ára 2011-2014. Tillagan hljóðar upp á að Hreinn Pálsson hrl., Stefán B. Sigurðsson rektor og Þorsteinn Gunnarsson fyrrverandi rektor HA sitji í stjórninni.

Það er vilji háskólaráðs að kona sitji í stjórn Végeirsstaðasjóðs og málinu frestað til næsta fundar.

5. Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education, staða mála

1104093

Rektor kynnti stöðu mála hvað varðar nýtt gæðaráð háskólanna og lagði fram drög að gæðahandbók *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*.

6. Endurskoðun á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009

1105210

Rektor benti á að það virðist vera ósamræmi milli reglna fyrir Háskólann og laga um opinbera háskóla. Breyta þarf skipulagseiningum til samræmis við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólaráð samþykkir að fara þurfi yfir reglurnar og gera tillögur að breytingum og leggja fyrir fund. Rektor tekur að sér í samstarfi við lögfræðing að yfirfara reglurnar.

7. Önnur mál

Lagt var fram álit um hæfi Ásgríms Angantýssonar til að gegna tímabundinni stöðu lektors við Háskólann á Akureyri. Að mati formanns dómnefndar HA er Ásgrímur hæfur til þess að gegna tímabundinni stöðu lektors.

Rætt um starfsmannakönnun og starfsmannastefnu. Háskólaráð benti á að það vanti upp á upplýsingafæði og enn vanti starfsmannastefnu. Minnst var á að viðburðir eru kynntir of seint og að það þurfi að kynna slík málefni með miklu meiri fyrirvara. Skipulag varðandi viðburðatorg þarf helst að vera tilbúið í upphafi annar.

Rektor sagði frá ráðstefnu um fræðasetur á landsbyggðinni sem haldin var á Grandhótel. Sagði frá því að stefnt væri að samstarfi við fræðasetur á landsbyggðinni og byrjað verður á að skoða fræðasetrin á Austurlandi með möguleikann á samstarfi í huga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

Sveinn Arnarsson
Kniólinn Þorgeirsdóttir
Hjálfrún Ólafsson
Sigrún Svavergótt
Jóna Jónsdóttir
Svein R. Guðmundsson